

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Dagbjörtu Hákonardóttur um breytingar á sköttum og gjöldum frá ársbyrjun 2018.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða skattar og gjöld hækkuðu frá og með ársbyrjun 2018 til ársloka 2022? Svar óskast sundurliðað eftir árum, með upplýsingum um árlegar tekjur af hverri hækkun um sig og aðgerðir vegna COVID-19 skulu tilgreindar sérstaklega.*
2. *Hvaða skattar og gjöld lækkuðu frá og með ársbyrjun 2018 til ársloka 2022? Svar óskast sundurliðað eftir árum, með upplýsingum um árlegan kostnað af hverri lækkun um sig og aðgerðir vegna COVID-19 skulu tilgreindar sérstaklega.*

Tafla 1 sýnir helstu breytingar á skattalögum sem hafa haft í för með sér aukningu eða minnkun á tekjum ríkissjóðs frá ársbyrjun 2018 til ársloka 2022. Taflan miðast við breytingar á skattalögum sem lögfestar voru frá upphafi 148. löggjafarþings til loka 152. löggjafarþings. Á 153. löggjafarþingi voru ekki afgreiddar neinar skattkerfisbreytingar með tekjuáhrif sem tóku gildi fyrir árslok 2022. Taflan sýnir áætluð bein fyrstu áhrif á tekjur ríkissjóðs, sundurgreind eftir árum og einstökum sköttum. Ekki eru meðtalin óbein afleidd áhrif sem eiga sér stað síðar vegna áhrifa skattkerfisbreytinganna á hegðun, hagstærðir og skattstofna. Þær laga-breytingar sem voru gerðar vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, COVID-19, eru merktar sérstaklega. Breytingunum er raðað í tímaröð.

Hér er farið yfir þau skilyrði sem tafla 1 miðast við.

1. Breytingar sem eru lögfestar á 148.–152. löggjafarþingi.
2. Breytingar sem hafa marktæk, metanleg og veruleg tekjuáhrif á ríkissjóð.
3. Breytingar sem hafa mjög lítil tekjuáhrif (almennt er miðað við minna en 0,005% af VLF) eru ekki meðtaldar nema breytingin sé nýr skattur eða skattastyrkur eða tekjuáhrif-in séu meginmarkmiðið.
4. Bein hliðaráhrif innan sama skatts eða yfir á aðra skatta eru meðtalin.
5. Breytingar á krónutölugjöldum eru aðeins meðtaldar að því marki sem þær eru meiri eða minni en sem nemur verðbólgu á næstliðnu ári, þ.e. raunbreytingar.
6. Aðgerðir vegna veirufaraldursins sem felast í frestun gjalddaga eru ekki meðtaldar.
7. Hliðaráhrif á tekjuskatt af sérstökum úttektum séreignarsparnaðar vegna kórónuveirufaraldursins eru ekki meðtalin.
8. Veiðigjöld eru ekki meðtalin þar sem þau eru ekki flokkuð sem skattar í tekjuflokkunar-kerfi fjárlaga eða ríkisreiknings.

Eins og fram kemur í niðurstöðulínunum töflunnar voru samanlögð áhrif skattahækkana og skattalækkana orðin um 69,4 milljarðar kr. til lækkunar þegar komið var fram á árið 2022. Eru þá eftirstandandi áhrif af tekjuráðstöfunum vegna kórónuveirufaraldursins meðtalin en að þeim frátöldum nemur skattalækkunin 54,1 milljarði kr. árið 2022.

Tafla 1 Breytingar á sköttum og tryggingagjöldum 2018-2022

Lggjþ.	Mál	Lög nr.	Skattur		Áætluð tekjuáhrif (m.kr.)				
					2018	2019	2020	2021	2022
148	3	96/2017	Krónutölugjöld og nefskattar	skattahækkun	70	70	70	70	80
148	3	96/2017	Fjármagnstekjuskattur	skattahækkun	1.400	1.400	1.400	1.400	1.630
148	3	96/2017	VSK (skattastyrkur)	skattalækkun	-2.270	-2.250	-750	.	.
148	3	96/2017	Vörugjald á ökutæki (skattastyrkur)	skattalækkun	-1.080	-650	.	.	.
148	3	96/2017	Kolefnisgjald	skattahækkun	2.190	2.060	1.980	1.920	1.910
148	562	59/2018	VSK (rafræn áskrift)	skattalækkun	-20	-30	-30	-30	-40
148	562	59/2018	VSK (ferðaþjónusta)	skattalækkun	-80	-150	-40	-70	-170
149	2	137/2018	Tryggingagjald (fyrri áfangi)	skattalækkun	.	-4.000	-3.500	-4.100	-4.800
149	2	137/2018	Tryggingagjald (síðari áfangi)	skattalækkun	.	.	-3.800	-4.100	-4.800
149	2	137/2018	Tekjuskattur einstaklinga	skattalækkun	.	-1.700	-1.800	-2.000	-2.300
149	2	137/2018	Krónutölugjöld og nefskattar	skattalækkun	.	-820	-800	-820	-910
149	3	138/2018	Kolefnisgjald	skattahækkun	.	450	930	910	910
149	335	133/2018	Tekjuskattur einstaklinga	skattalækkun	.	-300	-290	-320	-370
150	2	135/2019	Vörugjald á f-göms (nýtt)	skattahækkun	.	.	70	40	40
150	2	135/2019	Krónutölugjöld og nefskattar	skattahækkun	.	.	330	340	380
150	3	132/2019	Tekjuskattur einstaklinga	skattalækkun	.	.	-7.300	-7.500	-8.200
150	3	132/2019	Tekjuskattur einstaklinga	skattalækkun	.	.	.	-13.700	-14.500
150	4	131/2019	Bankaskattur	skattalækkun	.	.	.	-1.900	-4.200
150	432	154/2019	VSK (skattastyrkur)	skattalækkun	.	.	-4.800	-7.400	-5.000
150	683	25/2020	Bankaskattur	skattalækkun	Covid	.	.	-5.700	-4.200
150	683	25/2020	Vörugjald	skattalækkun	Covid	.	-200	-400	.
150	683	25/2020	Gistinátaskattur	skattalækkun	Covid	.	-300	-420	.
150	683	25/2020	VSK (skattastyrkur)	skattalækkun	Covid	.	-4.340	-2.520	-370
150	726	37/2020	Tekjuskattur lögaðila	skattalækkun	Covid	.	-1.000	.	250
150	726	37/2020	VSK (skattastyrkur)	skattalækkun	Covid	.	-180	-1.040	-450
150	734	89/2020	Vörugjald	skattalækkun	.	.	.	-393	-460
151	5	133/2020	Erfðafjárskattur	skattalækkun	.	.	.	-500	-580
151	5	133/2020	Krónutölugjöld og nefskattar	skattalækkun	.	.	.	-750	-830
151	5	133/2020	VSK (skattastyrkur)	skattalækkun	.	.	.	-700	.
151	314	140/2020	Tryggingagjald	skattalækkun	Covid	.	.	-4.100	.
151	314	140/2020	Vörugjald á ökutæki (skattastyrkur)	skattalækkun	.	.	.	-875	-1.621
151	342	32/2021	Tekjuskattur einstaklinga	skattalækkun	-100
151	342	32/2021	Tekjuskattur lögaðila	skattalækkun	-100
151	342	32/2021	Fjármagnstekjuskattur	skattalækkun	-100
151	342	32/2021	Erfðafjárskattur	skattalækkun	-100
151	342	32/2021	VSK	skattalækkun	-200
151	342	32/2021	Stimpilgjald	skattalækkun	-100
151	372	141/2020	VSK (skattastyrkur)	skattalækkun	Covid	.	300	-5.540	-3.100
151	374	142/2020	Fjármagnstekjuskattur	skattalækkun	.	.	.	-1.800	-1.800
152	3	131/2021	Krónutölugjöld og nefskattar	skattalækkun	-1.970
152	3	131/2021	Tekjuskattur einstaklinga	skattalækkun	-2.100
152	3	131/2021	Gistinátaskattur	skattalækkun	Covid	.	.	.	-880
152	3	131/2021	VSK (skattastyrkur)	skattalækkun	Covid	.	.	.	-6.500
152	3	131/2021	Bifreiðagjald	skattahækkun	500
152	679	27/2022	VSK (skattastyrkur, rafm.bílar)	skattalækkun	-4.100
152	679	27/2022	VSK (skattastyrkur, endursala)	skattalækkun	-100
Heildaráhrif hækkana og lækkana					210	-5.920	-24.050	-61.998	-69.351
Áhrif hækkana og lækkana án Covid aðgerða					210	-5.920	-18.330	-42.278	-54.101

Áætluð tekjuáhrif eru á rekstrargrunni. Tekjuáhrif krónutölugjalda og nefskatta miðast við raunbreytingu, þ.e. umfram almenna verðlagsbreytingu.
 Heimild: fjármála- og efnahagsráðuneytið (svar við fyrirspurn á 153. lggjþ., 730. mál.)